

Starfsábyrgðartrygging verkfræðinga - tæknifræðinga - arkitekta

Skilmálar nr. SA-6

Um váttrygginguna gilda váttryggingaskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í almennum skilmálum ganga framur ákvæðum þessara skilmála ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Almenn starfsábyrgðartrygging

1. gr. Hvað bætir váttryggingin?

Váttryggt er gegn bótaskyldu sem fellur á váttryggðan vegna tjóns á munum eða mannvirkjum sem hönnun eða starf váttryggðs nær til og rekja má til mistaka váttryggðs.

2. gr. Hvar gildir váttryggingin?

Váttryggingin tekur eingöngu til tjóns sem verður á Íslandi, vegna starfa váttryggðs á Íslandi.

3. gr. Hvað bætir váttryggingin ekki?

Váttryggingin tekur ekki til tjóna sem rakín verða til:

- 3.1. þess að váttryggður vanrækir starfsskyldur sínar af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi;
- 3.2. athafnar eða athafnaleysis sjálfsstæðs verktaka eða umboðsmanns váttryggðs;
- 3.3. þess að váttryggður tekur á sig ábyrgð eða gefur loforð sem er víðtækara en almenn bótaskylda á starfssviði hans;
- 3.4. þess að váttryggður vantelur fé, gefur rangt til baka, afhendir röngum aðila fé;
- 3.5. þess að aðilar sem beint eða óbeint eru tengdir váttryggðum s.s. í gegn um eignarhald eða stjórnunartengsl verða fyrir tjóni;
- 3.6. líkamstjóns á mönnum, ærumeiðingar, brota á skattalöggjöfinni, almennum hegningarlögum eða sér refsíákvæðum laga, sekta eða annarra refsikenndra viðurlaga;
- 3.7. gjaldþrots váttryggðs;
- 3.8. kostnaðar við að endurnýja skjöl sem glatast hafa, mislagst eða eyðilagst;
- 3.9. starfs utan fagstarfssviðs váttryggðs, jafnvel þótt það sé í tengslum við starfsemi þá sem greind er í váttryggingarskírteini, svo sem verktakastarfsemi, rekstur fasteigna, útgerð, framleiðsla, viðgerðir eða sala tækja o.s.frv.;
- 3.10. bótakrafna vegna rangra upplýsinga um kostnað við byggingarframkvæmdir eða byggingartíma;
- 3.11. tjóns er váttryggður verður fyrir vegna vinnu sem inna þarf af hendi til að komast að raun um orsakir tjónsatviks, þ.á.m. vinnu við endurútreikning, endurhönnun eða endurbætur á verklýsingu eða gerð áætlunar í því skyni að bæta úr tjóni;
- 3.12. bótakrafna er stofnast vegna þess að váttryggður tekur að sér að veita fjármögnun, fjárhagslega ráðgjöf eða váttryggingar;
- 3.14. tjóns á munum sem váttryggður hefur að láni, á leigu, til geymslu, sölu, flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans;
- 3.15. vélknúinna ökutækja, loftfars, skips, báts eða annars farartækis;
- 3.16. tjóns sem almenn ábyrgðartrygging fyrir atvinnurekstur tekur til;
- 3.17. brota á vörumerkja og hugverkaréttindum;
- 3.18. eldsvoða, kjarnorku eða geislavirkra efna;
- 3.19. hvers kyns tjóna vegna mengunar jarðar, lofts eða vatns (þ.m.t. sjór);
- 3.20. hvers kyns tjóna sem rekja má til notkunar á asbest;
- 3.21. hvers konar afleiddra og/eða óbeinna tjóna, einkum rekstrartjóna eða annarra tjóna er hlýst af því að hlutur sem skemmist eða fer forgörðum varð ekki notaður á þeim tíma eða með þeim hætti sem ráðgert hafði verið.

4. gr. Áhrif tímaskráningar

Váttryggingin nær ekki til skaðabótaábyrgðar vegna taps eða tjóns sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta af:

- áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja;
- umsjón með eða ráðgjöf um áhrif tímaskráninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra;
- eftirlit, viðurkenningu, ákvörðun, staðfestingu eða áritun um aðstæður þar sem áhrif tímaskráninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þeirra skipta máli (þ.m.t. en þó ekki takmarkað við, störf framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og endurskoðenda að verkefnum sínum). Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar, hvort sem þær tengjast aldamótum eða öðrum tíma.
- Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þessa hvoru tveggja.
- Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t., en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).
- Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra og hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

5. gr. Váttryggingarfjárhæð

- 5.1 Vátryggingarfjárhæð er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks er takmörkuð við vátryggingarfjárhæðina.
- 5.2 Ábyrgð félagsins vegna allra tjónsatvika sem rakin verða til hvers vátryggðs innan hvernar vátryggingar, takmarkast einnig við vátryggingarfjárhæðina. Þetta á við hvort sem einn eða fleiri innan sama starfssviðs eru vátryggðir með vátryggingarskírteininu.
- 5.3 Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins vátryggingaratburðar.
- 5.4 Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um bótaskyldu vátryggðs, með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 1. tl. 5. gr. þessa kafla.
- 5.5 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur, er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.
- 6. gr. Tímatakörk**
- 6.1 Vátryggingin tekur til skaðabótakröfu sem gerð er á hendur vátryggðum á vátryggingartímanum, án tillits til þess hvenær atvik þau urðu, er krafan reis af. Vátryggingin nær ekki til tjóns sem kemur í ljós áður en vátryggingartíminn hefst.
- 6.2 Skaðabótakrafa telst gerð, þegar hið fyrsta af eftirfarandi atvikum ber að höndum:
- a) Þegar vátryggðum berst fyrsta skriflega krafa um bætur vegna tjónsatviks.
- b) Þegar vátryggðum verður fyrst kunnugt, að tjónsatvik hefur orðið eða bein hættu er á að tjón verði sem vera kann að rakið verði til hegðunar vátryggðs.
- 6.3 Félagið bætir ekki tjón vegna skaðabótakröfu sem gerð er á hendur vátryggðum á vátryggingartímanum, ef vátryggður tilkynnir félaginu ekki um kröfuna innan 3 mánaða frá lokum vátryggingarinnar.
- 6.4 Hafi skaðabótakrafa verið gerð á hendur vátryggðum samkvæmt gr. 6.2 b-lið á vátryggingartímanum og fullnægt er skilyrði gr. 6.3 um 3 mánaða tilkynningarfrést, greiðir félagið bótakröfuna þá og því aðeins, að vátryggðum berist skrifleg krafa eftir gr. 6.2 a-lið og hann tilkynni félaginu um kröfuna innan 2 ára frá lokum vátryggingarinnar.
- 7. gr. Eigin áhætta**
- 7.1 Af hverju tjóni ber vátryggingartaki og/eða vátryggður eigin áhættu eins og getið er á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 10. gr. vátryggingarskilmálanna.
- 7.2. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu, greiðir félagið ekki heldur kostnað, þó að krafa og kostnaður samanlagt verði meiri en fjárhæð eigin áhættu.
- 8. gr. Endurkröfuréttur**
- Félaginu er heimilt að endurkrefja vátryggingartaka hafi tjón orðið vegna stórkostlegs gáleysis hans eða starfsmanns hans.
- 9. gr. Ráðstafanir vegna tjóns/tjóna**
- 9.1 Vátryggður skal tafarlaust skýra félaginu frá tjóni. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um, að gerð verði skaðabótakrafa á hendur honum, sem ætla má, að vátryggingin nái til.
- 9.2 Vátryggður er skylt að láta félaginu í té endurgjaldslausu aðstoð við að afstýra tjóni, kanna orsakir tjóns, s.s. við að gera álitserðir, verðútreikninga, verkáætlanir o.þ.h. í sambandi við tjón, sem vátryggður ber ábyrgð á.
- 9.3 Félagið á rétt til að annast samninga við tjónþola og eftir atvikum að annast málsvörn. Kostnaðinn greiðir félagið eftir reglum 5. gr.
- 9.4 Ekki má vátryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins.
- 10. gr. Vísitala**
- Vátryggingarfjárhæð miðast við vísitölu neysluserðs til verðtryggingar, grunnvísitala 181,7 stig m.v. mars 1999. Skal hún breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu. Iðgjaldið og eigin áhætta breytast á sama hátt.

2. kafli. Sérákvæði vegna starfsábyrgðar löggiltra hönnuða

Þessi sérákvæði eru sett skv. 5. mgr. 23. gr. laga nr. 160/2010 og rg. nr. 271/2014.

1. gr. Gildissvið vátryggingarinnar

Vátryggt er gegn bótaskyldu, er fellur á vátryggingartaka sem löggiltan hönnuð uppdráttu fyrir byggingarnefnd, í því tilviki að þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til hönnunarstarfs vátryggingartaka og hann hefur ábyrgst með áritun á teikningu sína, sbr. 23. gr. laga nr. 160/2010. Starfssvið og/eða starfsheiti er nánar skilgreint í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. gr. Undanskildar áhættur

Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar, sem verður rakin til:

- 2.1 ásetnings vátryggingartaka eða starfsmanns hans;
- 2.2 ábyrgðar sem vátryggingartaki tekur á sig og er víðtækari en lögmælt bótaskylda hans sem hönnuðar, er löggilding hans nær til;
- 2.3 sekta eða annarra viðurlaga, sem falla á vátryggingartaka eða þriðja mann;
- 2.4 slyss á manni, annars líkamstjóns eða skemmda á munum.
- 2.5 Starfsemi vátryggingartaka utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.
- 2.6 Undanþáguákvæði í gr. 3 og 4 í 1. kafla skilmálans gilda ekki um bótasvið 2. kafla.

3. gr. Tímatakörk

Komi afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerst hafa á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.

4. gr. Eigin áhætta

Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu þriðja manns

5. gr. Önnur váttrygging

Váttryggingin tekur ekki til hagsmuna, sem einnig eru váttryggðir með annarri váttryggingu.

6. gr. Niðurfelling váttryggingarinnar

Falli váttryggingin úr gildi ber félaginu að tilkynna það umhverfisráðuneyti og váttryggingartaka skriflega, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin. Vanræksla tilkynningarskyldu hefur ekki áhrif á lok váttryggingarinnar eða ábyrgðar skv. henni.

7. gr. Fyrning

Skaðabótakröfur sem falla undir þennan kafla váttryggingarinnar, sem og endurkröfur félagsins vegna hans, fyrnast á tveimur árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

8. gr. Tilvísun til 1. kafla skilmálans

Að öðru leyti en þessi kafla tilgreinir gildir um váttryggingu þessa 1. kafla skilmálans. Ákvæði þessa kafla ganga frammar ákvæðum 1. kafla þar sem ósamræmi er.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2019